

VG-Fornleifarannsóknir

Fornleifaskráning við Reynivelli II Efribær

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags 2022

Vala Garðarsdóttir
25/06/2022

Skýrsluhöfundur: Vala Garðarsdóttir 25.Júní 2022
VG-Fornleifarannsóknir
Verkefnanúmer: 2766

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Búsetusaga/ stutt ágríp	5
Löggjöf um fornminjar	6
Framkvæmdasvæðið	8
Fornleifaskráning	10
Niðurstaða	23
Heimildir	24
Túnakort og manntal	25

Inngangur

Til stendur að hefja framkvæmdir á bæjarstæði Reynivalla II í Suðursveit í Hornafirði (Efribær).

Samkvæmt lögum skal framkvæmdaraðili fá samþykkt deiliskipulag fyrir slíkum framkvæmdum og er fornleifaskráning þar á meðal. Skráning á vettvangi fór fram dagana 23.05-25.05 2022. Heimildarmaður er Björn Borgþór Þorbergsson (1965) sem fæddur er og uppalin á Breiðabólsstaðar-torfunni í Suðursveit sem er næsta jörð austan Reynivalla.

Að beiðni landeiganda tók Vala Garðarsdóttir fornleifafræðingur hjá VG-Fornleifarannsóknunum að sér fornleifaskráningu á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, en á svæðinu munu rísa mannvirki tengd ferðaþjónustu í framtíðinni.

Þessi skráning er því einungis miðuð að því framkvæmdasvæði sem liggur fyrir og því ekki fullnægjandi fornleifaskráning fyrir alla jörðina.



Kort 1 – Framkvæmdasvæðið innan hvíta rammans

Búsetusaga

Jörðin Reynivellir er staðsett í Suðursveit í Hornafirði rétt á milli Breiðabólstaðar og Fells sem sagðar eru landnámsjarðir í Landnámu (Skarðsbók Landnámu kafli 84). Bæjarstæðið horfir í suðvestur út á haf og er Breiðamerkurjökull um 4 km í vestur frá bæjarstæðinu.

Talið er að byggð hafi hafist snemma eftir landnám á jörðinni, jafnvel skömmu eftir landnámstíð þó engar heimildir séu fyrir því. Vitað er með vissu um hálfkirkju á Reynivöllum árið 1343, en þó er talið að hún hafi verið komin löngu fyrr. Kirkjan stendur enn árið 1583 en er lögð niður 1708 (Máldagar í Vilkinsbók 1347 og 1523). Ekki er vitað hvar kirkjan stóð í bæjarlandinu.

Reynivellir hafa alltaf verið í bændaeign svo vitað sé. Þar var þríflegt fram til ársins 1868.

Skiptist jörðin í Efribæ – Miðbæ og Neðribær (Kristján Benediktsson og Þorsteinn Guðmundsson, 1972).

Jörðin þótti ávallt kostajörð, jafngild Breiðabólstað öllum eða Kálfafelli (Jarðatal Johnsen 1847). Fram til ársins 1861 voru Reynivellir metnir samtals 30 hndr. alls, þar af helmingur Efribæjarröðin, Miðbær alltaf með lægstan hlut. Samkvæmt jarðarmati 1861 lækkar jörðin í 12 hndr. – Efribær 7 hndr. – Neðribær 5 hndr. 1870 fer Neðribær úr byggð og Miðbærinn nefndur Neðribær. Landsskuld var 230 álnir og fylgdi jörðinni ½ kúgildi á þeim tíma (Kristján Benediktsson og Þorsteinn Guðmundsson, 1972).

Tún voru stór og gáfu í meðallagi en mýrlendi var neðar af túnnum, sem notuð voru til slægðar og beitar (Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson, 1997). Áður þótti engjaland á sléttlendinu neðan bæja með þeim bestu þar til jökull og ár á Breiðamerkursandi breiddu úr

sér til austurs. Eftir það voru mýrlendi neðan heimatúna nýtt til heyfengja, en dugðu ekki til. Engjaitök voru í Breiðabólstaðarteigum og Kálfafellsstaðarengjar þar til aukin túnrækt kom til (1870-1880), sem gat gefið alls 240 hesta heyfang í góðu árferði. Silungsveiði var í Breiðabólstaðarlóni og Fellsá. Kríu- og æðarvarp í hraunum hófst upp úr aldamótunum 1800 í kjölfar útbreiðslu lónsins. Reki í fjörum var í öllu landi Reynivalla þó svæðið þætti ekki reksælt. Melgras óx í fjöru sem var slegið og nýtt í skepnufóður en kornið var ekki nýtt til manneldis. Heilmikið var um svartbaksvarp, eggín voru þó ekki tekin en ungar teknir fullvaxta (Kristján Benediktsson og Þorsteinn Guðmundsson, 1972).

Reynivellir áttu ítak í skóglendi í Staðarfjalli í landi Breiðabólstaðar, í Fagraskógi og Innri-Koltungum,

einnig á Steinadal (Reynivallakinn og Barnaskógur) (Kristján Benediktsson og Þorsteinn Guðmundsson, 1972). Var þar höggvið til eldiviðar sem og tekið til kolagerðar, en mest þó til nautgripafóðurs. Mótaka var reynd en gæðin reyndust léleg á allri jörðinni. Gott heyturf var fágætt í bæjarlandi en hellutak dálítið. Vatnsból var ekki nærri bæjarhúsum, og því löng og erfið leið að sækja neysluvatn sem var tekið úr Fellsá.

Löggjöf um fornleifar

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga (nr. 107, 2001), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja ...“. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógrofum, kolagrofum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.


Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar


Minjastofnunar Íslands. Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

Framkvæmdasvæðið


Innan framkvæmdasvæðisins sem skipulagt hefur verið (<https://www.hornafjordur.is/media/skipulagsmal/skipulag-4-2d-Reynivellir.pdf>) eru 9 sýnilegar minjar og eru sjö þeirra vel sýnilegar og tvær þeirra sæmilega sýnilegar (sjá skráningu neðar). Ekki er svo langt um liðið frá notkun þessara mannvirkja samkvæmt heimildum (sjá ofar). Ljóst er að tölvuvert af minjum eru á jörðinni allri en einungis þessar sem getið er hér að ofan eru innan framkvæmdasvæðis og því skráðar hér. Um er að ræða minjar sem hefur verið átt við í fyrri tíð. Hefur jörðin verið tekin út áður en þá m.t.t. annara þátta og má sjá yfirlitskort um það hér að neðan (yfirlitskort 1a og 1b).



Yfirlitskort 1a



Yfirlitskort 1b



Teikning 1- Minjar 001-009 – sjá einnig á yfirlitskorti 2




Yfirlitskort 2. Loftmynd af uppmældum minjum 001-009 innan svarta rammans

Fornleifaskráning

Skráðar voru 9 sýnilegar minjar innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis líkt og minnst er á hér að ofan og tveir punktar settir þar sem heimildir eru fyrir minjum (P-010 og P-011). En á jörðinni allri eru sýnilegar minjar all nokkrar (sjá yfirlitskort 1a og 1b og 2)

Samkvæmt heimildarmanni eru þessar minjar sem um ræðir frá 19.- og 20.öld og tilheyra þeim fjárbúskap sem á Reynivöllum var stundaður þar til hefðbundin búskapur var lagður af seint á síðustu öld.



Teikning 2. Minjar 001-009

Skráðar Minjar: 001-011

Númer: 2766-001

Sýsla: Austur-Skaftafellssýsla

Sveitarfélag: Hornafjörður

Landareign: Reynivellir II-Efribær

Skrásetjari: Vala Garðarsdóttir

Dagsetning: 23.05-25.05

ISN93: E 642755.9 / N 406672.4

Sérheiti:

Tegund: Hlaða/fjárhús

Fjöldi: 1

Hættumat: hætta

Hættuorsök: framkvæmdir

Tímabundið hættumat: hætta

Tímabundin hættuorsök: framkvæmdir

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1880 - 1960

Friðlýst: Nei

Lengd: 8m

Breidd: 2.5m


Vegg hæð: 0.2 – 2.0m

Breidd veggja: 1-1,5m

Umhverfi/Staðhættir: 2766- 001 er um 26m suður af uppistandandi bæ Reynivellir II Ekra.

Lýsing: Tvískipt mannvirki, hlaða og fjárhús- hlaðan stendur enn, en fjárhúshlutinn er fallinn.

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2766-002

Sýsla: Austur-Skaftafellssýsla

Sveitarfélag: Hornafjörður

Landareign: Reynivellir II-Efribær

Skrásetjari: Vala Garðarsdóttir

Dagsetning: 23.05-25.05

ISN93: E 642755.9 / N 406672.4

Sérheiti:

Tegund: útihús

Fjöldi: 1

Hættumat: hætta

Hættuorsök: framkvæmdir

Tímabundið hættumat: hætta

Tímabundin hættuorsök: framkvæmdir

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1880 - 1960

Friðlýst: Nei

Lengd: 5m

Breidd: 2.5m

Vegghæð: 0.2 – 0.6m


Breidd veggja: 1m

Umhverfi/Staðhættir: Þessi tóft stendur stök á grastungu og eru malarvegir sitthvoru megin við hana

Lýsing: Mannvirki sem eflaust hefur þjónað misjöfnu hlutverki- fjárhús/geymsla/útihús

Tóftin er grasi gróin og fellur vel inn í umhverfi sitt.

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2766-003

Sýsla: Austur-Skaftafellssýsla

Sveitarfélag: Hornafjörður

Landareign: Reynivellir II-Efribær

Skrásetjari: Vala Garðarsdóttir

Dagsetning: 23.05-25.05

ISN93: E 642755.9 / N 406672.4

Sérheiti:

Tegund: hesthús/útihús

Fjöldi: 1-tvískipt

Hættumat: hætta

Hættuorsök: framkvæmdir

Tímabundið hættumat: hætta

Tímabundin hættuorsök: framkvæmdir

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1880 - 1960

Friðlýst: Nei

Lengd: 9m

Breidd: 2.5m

Vegghæð: 0.2 – 2.4m

Breidd veggja: 1-1.5m

Umhverfi/Staðhættir: Þetta mannvirki stendur enn og er 50 metra beint suður af bænum Reynivellir II

Lýsing: Þetta var hesthús og stendur enn- tvískipt og er þar nú geymsla

Heimildir: Björn Þorbergsson

Ljósmyndir/teikningar:



2766-003

Númer: 2766-004

Sýsla: Austur-Skaftafellssýsla

Sveitarfélag: Hornafjörður

Landareign: Reynivellir II-Efribær

Skrásetjari: Vala Garðarsdóttir

Dagsetning: 23.05-25.05

ISN93: E 642755.9 / N 406672.4

Sérheiti:

Tegund: Garður

Fjöldi: 1

Hættumat: hætta

Hættuorsök: framkvæmdir

Tímabundið hættumat: hætta

Tímabundin hættuorsök: framkvæmdir

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1880 - 1960

Friðlýst: Nei

Lengd: 78m

Breidd: 2.0m

Vegghæð: 0.5 – 0.7m

Breidd veggja:

Umhverfi/Staðhættir: Þessi Garður liggur í norður/suður eftir neðra túninu er kallað er Mosatún

Lýsing: Garðurinn er heillegur og liggur að mannvirki 005- sem áður var hesthús

Heimildir: Björn Þorbergson

Ljósmyndir/teikningar:



Garður 2766-004

Númer: 2766-005

Sýsla: Austur-Skaftafellssýsla

Sveitarfélag: Hornafjörður

Landareign: Reynivellir II-Efribær

Skrásetjari: Vala Garðarsdóttir

Dagsetning: 23.05-25.05

ISN93: E 642755.9 / N 406672.4

Sérheiti:

Tegund: Gerði (endurgert úr eldra mannvirki)

Fjöldi: 1

Hættumat: hætta

Hættuorsök: framkvæmdir

Tímabundið hættumat: hætta

Tímabundin hættuorsök: framkvæmdir

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1880 - 1960

Friðlýst: Nei

Lengd: 9m

Breidd: 2.0m

Vegghæð: 0.8 – 1.0m

Breidd veggja: 1m


Umhverfi/Staðhættir: Þetta mannvirki er unnið úr efniviði eldra mannvirkis auk viðbóta sem stóð þarna áður- en þar var hesthús og hlaða.

Lýsing: veglegt og fallett mannvirki sem í dag er gerði. Grjóthlaðið með torfi á toppi.

Heimildir: Björn Þorbergsson

Ljósmyndir/teikningar:





2677-005

Númer: 2766-006

Sýsla: Austur-Skaftafellssýsla

Sveitarfélag: Hornafjörður

Landareign: Reynivellir II-Efribær

Skrásetjari: Vala Garðarsdóttir

Dagsetning: 23.05-25.05

ISN93: E 642755.9 / N 406672.4

Sérheiti:

Tegund: óþekkt

Fjöldi: 1

Hættumat: hætta

Hættuorsök: framkvæmdir

Tímabundið hættumat: hætta

Tímabundin hættuorsök: framkvæmdir

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1850 - 1960

Friðlýst: Nei

Lengd: 3m

Breidd: 2.5m

Vegghæð: 0.1 – 0.2m

Breidd veggja:

Umhverfi/Staðhættir: Rétt vestan við 005 á túninu neðan við bæina (Mosatún) er þessi tóft.

Lýsing: tóftin er ógreinileg

Heimildir: Engar heimildir

Ljósmyndir/teikningar:



Fyrir miðri mynd innan svarta rammans sést móta fyrir mannvirki 006



Tóft 006

Númer: 2766-007

Sýsla: Austur-Skaftafellssýsla

Sveitarfélag: Hornafjörður

Landareign: Reynivellir II-Efribær

Skrásetjari: Vala Garðarsdóttir

Dagsetning: 23.05-25.05

ISN93: E 642755.9 / N 406672.4

Sérheiti:

Tegund: útihús

Fjöldi: 1

Hættumat: hætta

Hættuorsök: framkvæmdir

Tímabundið hættumat: hætta

Tímabundin hættuorsök: framkvæmdir

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1880 - 1960

Friðlýst: Nei

Lengd: 3.6m

Breidd: 2.5m

Vegghæð: 0.2 – 0.3m

Breidd veggja: 1m

Umhverfi/Staðhættir: vestan við tóft 006 um 5 metra frá á Mosatúni er þessi tóft.

Lýsing: Tóft úr torfi og grjóti, sýnileg en hrúnin.

Heimildir: Engar



Tóft 007- Óljóst hlutverk

Númer: 2766-008

Sýsla: Austur-Skaftafellssýsla

Sveitarfélag: Hornafjörður

Landareign: Reynivellir II-Efribær

Skrásetjari: Vala Garðarsdóttir

Dagsetning: 23.05-25.05

ISN93: E 642755.9 / N 406672.4

Sérheiti:

Tegund: Garður

Fjöldi: 1

Hættumat: hætta

Hættuorsök: framkvæmdir

Tímabundið hættumat: hætta

Tímabundin hættuorsök: framkvæmdir

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1880 - 1960

Friðlýst: Nei

Lengd: 38m

Breidd: 2.0m

Vegghæð: 0.2 – 0.25m

Breidd veggja:

Umhverfi/Staðhættir: Vestast á svæðinu/Mosatúni liggur garður 008 í norður/suður

Lýsing: Garðurinn er um 38 metrar á lengd og gengur að illa greinanlegu mannvirki sem eflaust hefur verið fjárhús (2766-009)- Garðurinn heldur svo um 10 metrum lengra og endar við hólf sem er mælt sem hluti af 009 ásamt mögulegum fjárhúsum.

Heimildir: Engar

Ljósmyndir/teikningar:



Garður 008 innan svarta rammans



Númer: 2766-009

Sýsla: Austur-Skaftafellssýsla

Sveitarfélag: Hornafjörður

Landareign: Reynivellir II-Efribær

Skrásetjari: Vala Garðarsdóttir

Dagsetning: 23.05-25.05

ISN93: E 642755.9 / N 406672.4

Sérheiti:

Tegund: fjárhús

Fjöldi: 2

Hættumat: hætta

Hættuorsök: framkvæmdir

Tímabundið hættumat: hætta

Tímabundin hættuorsök: framkvæmdir

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1850 - 1960

Friðlýst: Nei

Lengd: 6m

Breidd: 3.5m

Vegghæð: 0.2

Breidd veggja: 0.4m

Lýsing: Norðan við Garð 008 er tóft úr torfi og grjóti sem líkist helst fjárhúsi, garðurinn 008 liggur að þessu mannvirki og heldur svo áfram samhliða að vestanverðu þar til það fjarar út. Framkvæmdir hafa verið við garðinn við umrætt mannvirki.

Heimild: Engin


Ljósmyndir:



Yfirlitsmynd af 009



Mannvirki 009- horft til norðurs



Mannvirki 009 innan rauð rammans

Punktar 010 og 011

Númer: 2766-010

Sýsla: Austur-Skaftafellssýsla
Sveitarfélag: Hornafjörður
Landareign: Reynivellir II-Efribær
Skrásetjari: Vala Garðarsdóttir
Dagsetning: 23.05-25.05
ISN93: E 642745/ N 406745
Sérheiti: Efribær
Tegund: heimild
Fjöldi: 1
Hættumat: hættu
Hættuorsök: framkvæmdir
Tímabundið hættumat: hættu
Tímabundin hættuorsök: framkvæmdir
Ástand:

Aldur: 1870 - 1960

Friðlýst: Nei

Lýsing: Samkvæmt byggðasögunni er ekki ólíklegt að Efribær hafi verið staðsettur þar sem uppstandandi hús, sem reist var 1934, er í dag. En bæjarröðun breyttist 1868 er Efstibær verður Efribær eftir flutninga frá Neðribæ.

Mynd- Loftmynd af garðinum við húsið frá 1934- mögulega hluti af bæjarstæði Efribæjar frá 1870.



Númer: 2766-011

Sýsla: Austur-Skaftafellssýsla
Sveitarfélag: Hornafjörður
Landareign: Reynivellir II-Efribær
Skrásetjari: Vala Garðarsdóttir
Dagsetning: 23.05-25.05
ISN93: E 642846/ N 406773
Sérheiti: Hestasteinn
Tegund: heimild
Fjöldi: 1
Hættumat: hættu
Hættuorsök: framkvæmdir
Tímabundið hættumat: hættu
Tímabundin hættuorsök: framkvæmdir
Ástand:

Aldur: 1870 - 1960

Friðlýst: Nei

Lýsing: Í byggðarsögunni er þess getið að á hlaði Efribæjar hafi verið Hestasteinn með járnkeng



Rauðir Punktar 010 og 011 (efri punktur)

Niðurstaða

Bæjarstæði Reynivalla er fagurt og mikilfenglegt, þar horfir yfir haf til suðurs og í sveitir til austurs og vestur, að norðanverðu eru fjöll og klettur með Reynivallafjall þar hæðst og Fell við Breiðamerkurlón í túnfætinum vestar. Greinileg ummerki um búskap eru víða og hefur jörðin, sökum breytinga á jöklinum, þurft að þola miklar umbreytingar sem kostað hefur búsið, minnkandi landkost, engjar og slægju lönd og hafa búskaparhættir því þurft að aðlagast breyttum skilyrðum og oft án fyrirvara. Reynivellir hafa verið í bændaeign frá upphafi, ekki er annað vitað.- en nú með breyttum tímum er jörðin að mestu tileinkuð ferðamennsku og tengdri starfsemi.

Þær minjar sem sýnilegar eru standa ágætlega en greinilegt er að í gegnum tíðina hafa þau mannvirki gengt misjöfnu hlutverki og sum mannvirki hafa verið endurgerð og breytt bæði gerð þeirra og tilgangi. Þó er ljóst að þau mannvirki sem sýnileg eru, eru ekki ýkja gömul, samkvæmt heimildum eru þau á aldursbilinu bilinu 1880-1946.

Getið er um hálfkirkju frá 14.öld í máldögum eins og nefnt er hér ofar en ekki sáust nein ummerki um slíkt mannvirki, en eins og áður sagði er þessi skýrsla takmörkuð við framkvæmdarsvæðið eitt og sér og því ekki loka fyrir það skotið að leifar slíks mannvirkis sé mögulega undir sverði á jörðinni Reynivellir í Suðursveit.

Heimildir

Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson, 1997. Skaftafellssýsla, Sýslu- og sóknarlýsingar Hins

Íslenska Bókmenntafélags 1839-1873. Reykjavík: Sögufélag.

Kristján Benediktsson og Þorsteinn Guðmundsson, 1972. Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu, II. Bindi, Mýrar og Suðursveit, (bls. 244 – 255). Reykjavík: Bókaútgáfa

Skarðsbók Landnámu. Kafli 84

J.Johnsen, 1847. Jarðatal á Íslandi (bls 24-25). Kaupmannahöfn: Johnsen.

Fjöldi ábúenda samkvæmt manntali 1703 - 1910.

Mt. 1703: Samtals 24 ábúendur (íbúar) á 3 bæjum.

Mt. 1835: Samtals 19 íbúar á 3 bæjum.

Mt. 1840: Samtals 13 manns, 2 bæir í byggð.

Mt. 1845: Samtals 14 manns, 2 bæir í byggð.

Mt. 1850: Samtals 15 manns, 2 bæir í byggð.

Mt. 1855: Samtals 21 íbúi á 3 bæjum.

Mt. 1860: Samtals 17 íbúar á 3 bæjum.

Mt. 1870: Samtals 21 íbúi á 2 bæjum - sama ár leggst Neðribær af og eftir það eru Reynivellir tvíbýli.

Mt. 1880: 25 manns búsett á 2 bæjum.

Mt. 1890: 19 manns á 2 bæjum.

Mt. 1901: Samtals 20 manns búsettir í Reynivallabæjum.

Mt. 1910: Samtals 21 (+ 1 kennari) í Efribæ og Neðribæ.

Heimild:

Þjóðskjalasafn Íslands (2009). Manntöl. Skoðað 9. - 10. apríl 2015 á <http://www.manntal.is>

Túnakort 1918

